Sþ. 588. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um launasjóð rithöfunda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir Rithöfundasambands Íslands, Félags íslenskra rithöfunda og Menntamálaráðs. Einnig mætti á fund nefndarinnar Njörður P. Njarðvík, formaður Rithöfundasambandsins.

Nefndin telur eðlilegt að fram fari endurskoðun á lögum um launasjóð rithöfunda og reglugerðum samkvæmt þeim lögum, eins og greint er í tillögugreininni.

Nefndin tekur þó ekki afstöðu til þeirrar hugmyndar sem fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar, að stjórn launasjóðs verði skipuð af Alþingi.

Mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. apríl 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.
Guðm. G. Þórarinsson.
Páll Pétursson.
Steinþór Gestsson.
Halldór Blöndal.
Guðrún Helgadóttir.